

# Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.  
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.  
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is  
Veffang: http://lagabirting.is  
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)  
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)  
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 119 96. ár

Mánudaginn 1. september 2003

## Stefnur

Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis,  
kt. 700584-0389,  
Hátúni 2b, 105 Reykjavík

gjörir kunnugt: að hann þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Kjartani G. Björgvinssyni, kt. 060366-3819, Syðri-Breið, 560 Varmahlíð, til heimtu neðangreindrar skuldar.

**Dómkröfur:** Þess er krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 4.508.778,62 með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 frá 1. apríl 2003 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar skv. framlögðum málskostnaðarreikningi að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

**Málflutningsumboð:** Jóhannes B. Björnsson hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

**Málavextir:** Krafan er vegna uppsafnaðrar yfirdráttarskuldar á tékkareikningi stefnda nr. 3313 hjá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík. Stefndi gerðist brotlegur við reglur um reikningsviðskipti og var nefndum reikningi lokað þann 1. apríl 2003. Nam þá uppsafnaður yfirdráttur stefnda samtals kr. 4.508.778,62 sem er stefnufjárhæð þessa máls. Þrátt fyrir innheimtutilraunir hefur skuldin ekki fengist greidd af stefnda.

**Málsástæður og lagarök:** Krafa stefnanda er byggð á almennum reglum samninga- og kröfu-réttar og 4. gr. laga nr. 94/1933 en skv. þeirri grein er útgefandi tékka skuldbundinn til að hafa til umráða fé hjá greiðslubanka sem honum er heimilt skv. samningi við greiðslubankann að ráðstafa með tékka. Krafa um málskostnað byggir á XXI. kafla laga nr. 91/1991. Um dráttarvexti vísast til III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Stefndandi er ekki virðisaukaskattskyldur, sbr. 10. tl. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 50/1988, og ber honum nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda við ákvörðun málskostnaðar. Stefndi er með skráð lögheimili að Syðri-Breið, 560 Varmahlíð. Skv. birtingarvottorði dagsettu 10. júní 2003 er sú fasteign í eyði og enginn hittist þar fyrir þannig að mögulegt væri að birta skv. a lið 3. mgr. 85. gr. laga nr. 91/1991. Ekki hefur reynst mögulegt að afla upplýsinga um annan dvalarstað stefnda. Um stefnubirtingu í Lögbirtingablaði vísast til a.-liðar 1. mgr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

**Sönnunargögn:** Til sönnunar kröfum sínum leggur stefndandi fram reikningsyfirlit dagsett 29. apríl 2003 og innheimtubréf dagsett 7. maí 2003.

**Fyrirkall:** Fyrir því stefnist hér með ofangreindum aðila til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur sem haldið verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 16. október 2003, kl. 10.00 árdegis, er mál þetta verður þingfest, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, á sókn sakar og dómkröfur að hlýða, til sakar að svara og leggja

## Auglýsing

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, er kominn úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 25. ágúst 2003.

Davíð Oddsson.

10820)

Kristján Andri Stefánsson.

## Auglýsing

um gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir raforku

Samkvæmt 2. mgr. IV. bráðabirgðaákvæðis raforkulaga nr. 65/2003, hefur Orkustofnun staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir raforku nr. 961, 19. desember 2001, með síðari breytingum, er taki gildi 1. september 2003:

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur fyrir raforku hækkar um 1,2%.

F.h. Orkustofnunar, 25. ágúst 2003,  
Elín Smáradóttir.

10847)

## Nauðungarsölur

### Vestmannaeyjar

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Heiðarvegi 15, Vestmannaeyjum, fimmtudaginn 2. október 2003 kl. 9.30, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

| Heiti eignar:                                             | Gerðarþoli (-ar):                                    | Gerðarbeiðandi (-beiðendur):                                                       | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|-----------------------------------------------------------|------------------------------------------------------|------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------|
| Ásavegur 28, 50%, eignarhluti gerðarþola                  | Árni Magnússon                                       | Greiðslumiðlun hf.                                                                 | 458.988                    |
| 10823)                                                    |                                                      |                                                                                    |                            |
| Ásavegur 30, kallari                                      | Ásta Steinunn Ástþórsdóttir                          | Íbúðalánasjóður og Theodóra Sigrún Einarsdóttir                                    | 290.164                    |
| 10824)                                                    |                                                      |                                                                                    |                            |
| Áshamar 28                                                | Jakob Smári Erlingsson og Guðríður M. Guðmundsdóttir | Íbúðalánasjóður, Landssími Íslands hf., innheimta og Vátryggingafélag Íslands hf.. | 434.038                    |
| 10825)                                                    |                                                      |                                                                                    |                            |
| Brimhólabraut 10                                          | Þuríður Freysdóttir                                  | Kreditkort hf. og Sparisjóður vélstjóra                                            | 2.425.458                  |
| 10826)                                                    |                                                      |                                                                                    |                            |
| Búastaðabraut 9, efri hæð og ris (59% allrar eignarinnar) | Magni Þór Rósenbergsson                              | Íbúðalánasjóður                                                                    | 138.387                    |
| 10827)                                                    |                                                      |                                                                                    |                            |
| Faxastígur 4, jarðhæð                                     | Sigurbjörn Arnarson og Berglind Ragna Erlingsdóttir  | Íbúðalánasjóður                                                                    | 113.206                    |
| 10828)                                                    |                                                      |                                                                                    |                            |
| Faxastígur 8A, kjallari (36,64% alls hússins)             | Sólveig Eva Hreinsdóttir                             | Íbúðalánasjóður                                                                    | 252.400                    |
| 10829)                                                    |                                                      |                                                                                    |                            |

| Heiti eignar:                                                                                      | Gerðarþoli(-ar):                             | Gerðarbeiðandi (-beiðendur):                | Fjárhæðir krafna í krónum: |
|----------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------|---------------------------------------------|----------------------------|
| Fjólugata 5                                                                                        | Rósa Hrönn Ögmunds-dóttir og Gylfi Birgisson | Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins B-deild | 112.852                    |
| 10830)                                                                                             |                                              |                                             |                            |
| Græðisbraut 1                                                                                      | Sigurjón Hinrik Adolfsson og Fjölverk ehf.   | Íslandsbanki-FBA hf.                        | 1.745.690                  |
| 10831)                                                                                             |                                              |                                             |                            |
| Heiðarvegur 43, neðri hæð (40% eignarinnar)                                                        | Gunnar Örn Helgason                          | Olíuverslun Íslands hf.                     | 117.801                    |
| 10832)                                                                                             |                                              |                                             |                            |
| Illugagata 1, 50%, eignarhluti gerðarþola                                                          | Steinar Pétur Jónsson                        | Íslandsbanki-FBA hf.                        | 808.185                    |
| 10833)                                                                                             |                                              |                                             |                            |
| Smáragata 13                                                                                       | Heiða Björk Höskuldsdóttir                   | Fróði hf.                                   | 107.143                    |
| 10834)                                                                                             |                                              |                                             |                            |
| Stremlugata 20, efri hæð                                                                           | Rebekka Benediktsdóttir                      | Íslandsbanki-FBA hf.                        | 35.148                     |
| 10835)                                                                                             |                                              |                                             |                            |
| Vestmannabraut 56a, eignarhluti gþ.                                                                | Magnús Gísli Magnússon                       | Landssími Íslands hf., innheimta            | 233.615                    |
| 10836)                                                                                             |                                              |                                             |                            |
| Vestmannaeyjum, 21. ágúst 2003.<br>Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum,<br><b>Karl Gauti Hjaltason.</b> |                                              |                                             |                            |

fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefnda við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnumfrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 7. ágúst 2003.  
f.h. stefnanda,  
f.h. Jóhannesar B. Björnssonar hdl.  
**Magnús P. Skúlason** hdl.

(10325

Aðilar málsins eru:

*Stefnandi:* Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna Landsbanka Íslands hf. 0114, Fjallkonuvegi 1, 112 Reykjavík.

*Stefndi:* Pétur Andrésson, kt. 030360-4869, óstaðsettur í hús.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Sturla Friðriksson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi, Pétur Andrésson, verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 135.682,38, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 135.682,38 frá 1. mars 2002 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Þann 28. febrúar 1996 stofnaði stefndi tékkareikning nr. 2002 við útibú stefnanda að Fjallkonuvegi 1, Reykjavík. Þann 1. mars 2002 námu innistæðulausar færslur á reikningnum kr. 135.682,38. Var reikningnum lokað. Pétur Andrésson er óstaðsettur í hús samkv. upplýsingum þjóðskrár og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla

vaxtalaga nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- Útskrift úr viðskiptamannaskrá.
- Útprentun úr nafnaskrá Hagstofunnar.
- Eintak þess Lögbirtingarblaðs sem stefna þessi birtist í, í ljósriti.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 7. október 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnumfrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 22. júlí 2003.  
F.h. stefnanda,  
f.h. Sturlu Friðrikssonar hdl.,  
**Björg Finnbogadóttir** lögfr.

(10375

Aðilar málsins eru:

*Stefnandi:* Landsbanki Íslands hf., höfuðstöðvar, kt. 540291-2259, Austurstræti 11, 155 Reykjavík vegna Landsbanka Íslands hf. 0120, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík.

*Stefndi:* Hreingerning Chibarra ehf., kt. 470301-3250, Yrsufelli 5, 111 Reykjavík, fyrirsvarsmaður Omar Daudo Chipa, kt. 230162-2049, Bretlandi.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Sturla Friðriksson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndi, Hreingerning Chibarra ehf., verði dæmt til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 179.229,97, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 179.229,97 frá 15. ágúst 2002 til greiðsludags. Þá er krafist vaxtavaxta skv. 12. gr. s.l. er leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti. Einnig er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Þann 12. mars 2001 stofnaði stefndi, fyrirtækið Hreingerning Chibarra ehf., tékkareikning nr. 16868 við útibú stefnanda að Háaleitisbraut 68, Reykjavík, og var þá jafnframt afhent debetkort til úttekta af reikningnum. Þann 15. ágúst 2002 námu innistæðulausar færslur á reikningnum kr. 179.229,97. Var reikningnum lokað. Reynt hefur verið að birta fyrir Omar Daudo Chipa fyrirsvarsmanni fyrirtækisins en það hefur ekki tekist, skv. þjóðskrá er Omar fluttur til Bretlands. Á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

*Lagatilvísanir:* Byggt er á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 35. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

- Útskrift úr viðskiptamannaskrá.
- Umsókn um tékkareikning.
- Innheimtubréf sent stefnda.
- Birtingavottorð, þar sem birting tókst ekki skv. stefnuvotti.
- Útprentun úr þjóðskrá.
- Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefna þessi birtist í, í ljósriti.

*Áskorun og viðvörðun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102, dómhúsinu við Lækjartorg í Reykjavík, þann 7. október 2003, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi. Stefnumfrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 24. júlí 2003.  
F.h. stefnanda,  
f.h. Sturlu Friðrikssonar hdl.,  
**Björg Finnbogadóttir** lögfr.

(10376

Aðilar málsins eru:

*Stefnandi:* Glitnir hf., kt. 511185-0259, Kirkjusandi, 155 Reykjavík.

*Stefndu:* Hestaþing-Ferðaþjónusta Böðvarsholti ehf., kt. 620500-2590, Böðvarsholti, 355 Ólafsvík, fyrirsvarsmaður Ágúst Helgi Rúnarsson, kt. 041257-4669, s.st. og Ágúst Helgi Rúnarsson, kt. 041257-4669, s.st., persónulega.

**Málflutningsumboð:** Undirritaður lögmaður, Jón Haukur Hauksson hdl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

**Dómkröfur:** Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 1.053.047 ásamt dráttarvöxtum skv. ákvörðun Seðlabanka Íslands, sbr. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr. af kr. 1.053.047 frá 27. maí 2003 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar auk 24,5% virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

**Málsatvik og málsástæður:** Krafa stefnanda er byggð á kaupleigusamningi nr. 607562-001 sem gerður var hinn 25. maí 2000 milli stefnanda og aðalstefnda um kaupleigu aðalstefnda á bifreiðinni VB-318 Ford Transit, sbr. dómskjal nr. (dskj.) 3. Stefndi eða starfsmenn hans áttu engan þátt í því hvaða bifreið óskað var fjármögnunar á en þar sem bifreiðin og þáverandi aðstæður aðalstefnda voru taldar fullnægja almennum skilyrðum sem stefndi hefur sett sér fyrir slíkri fjármögnun, auk þess sem meðstefndi Ágúst Helgi Rúnarsson gekk í sjálfskuldarábyrgð fyrir efnidum samningsins gagnvart stefnanda, var orðið við beiðni og fjármögnunin samþykkt.

Samkvæmt samningnum skyldi stefndi greiða mánaðarlegar leigugreiðslur frá og með 1. júlí 2000. Samningurinn fór í vanskil á gjalddaga hinn 1. október 2002. Þegar þrír reglulegir leigugjalddagar höfðu fallið í vanskil og venjubundnum ítrekunum og innheimtutilraunum stefnanda hafði ekki verið sinnt óskað stefndi eftir aðstoð lögmanns. Þá voru að auki fallin í vanskil tryggingariðgjöld, bifreiðagjöld og þungaskattur, sem stefndi greiddi samkvæmt heimild í samningi aðila til þess að viðhalda tryggingum á bifreiðinni og vegna þess að lögveð fylgir gjöldunum. Innheimtubréf var sent stefnda hinn 19. desember 2002, sbr. dskj. 4-5, en vanskil voru ekki greidd. Þá var stefnda sent símskeyti hinn 3. janúar 2003 með aðvörun um yfirvofandi riftun samningsins vegna vanskila, sbr. dskj. 6. Stefnda var hinn 16. janúar 2002 sent símskeyti um að samningi aðila hafi verið rift vegna vanskila, sbr. dskj. 7.

Stefndi skilaði ekki bifreiðinni þrátt fyrir riftun samningsins, áskorun um það og samningsákvæði um skyldu hans til þess eftir riftun samnings og því þurfti lögmaður stefnanda því að óska eftir vörslutöku hinn 24. janúar 2003. Vörslusvipting fór fram hinn 27. maí 2003 þegar hið leigða tæki, bifreiðin VB-318, var tekin í vörslur stefnanda. Samkvæmt samningsákvæðum er sá dagur, þegar stefndi fær umráð hins leigða tækis, viðmiðunardagur við uppgjör samningsins.

Bifreiðin var sett í ástandsskoðun hjá Frumherja hf. þar sem jafnframt var gerð kostnaðaráætlun vegna athugasemda sem fram komu. Að teknu tilliti til þessara upplýsinga var gert mat á áætluðu söluverði og yfirlit yfir stöðu á samningi aðila, sbr. dskj. 9. Í yfirliti þessu kemur fram að gert er ráð fyrir að söluverð bifreiðarinnar sé 1.150.000 kr., að viðgerðarkostnaður sé 629.518 kr., að tryggingariðgjöld nemi 18.743 kr., að lækkun vegna mikils aksturs nemi 170.482 kr., að sölukostnaður nemi 63.265 kr. og að lögfræðikostnaður nemi 117.365 kr., þannig að 150.628 kr. mundu greiðast inn á samninginn til lækkunar samningsfjárhæðinni. Stefnda var send tilkynning um matsverð tækisins með símskeyti dags. 4. júlí 2003, sbr. dskj. 10. Um leið var honum gefinn kostur á að mótmæla matsverðinu. Stefndi gerði engar athugasemdir við framangreint matsverð og þar með lauk afskiptum lögmanns stefnanda af málinu, enda innheimtuaðgerðum lokið með því að hið leigða tæki var komið í vörslur stefnanda og matsverð staðfest.

Húsbréf

Þrítugasti og sjötti útdráttur í 3. flokki húsbréfa 1993

Innlausnardagur 15. október 2003

5.000.000 kr. bréf

Að þessu sinni voru engin 5.000.000 kr. bréf dregin út.

1.000.000 kr. bréf

|          |          |          |          |          |          |          |
|----------|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| 93320050 | 93320306 | 93320473 | 93320575 | 93321119 | 93321509 | 93321644 |
| 93320120 | 93320430 | 93320488 | 93320941 | 93321361 | 93321546 | 93321729 |
| 93320220 | 93320451 | 93320549 | 93321109 | 93321508 | 93321557 | 93321738 |

100.000 kr. bréf

|          |          |          |          |          |          |
|----------|----------|----------|----------|----------|----------|
| 93350372 | 93350528 | 93350768 | 93352229 | 93352729 | 93353394 |
| 93350416 | 93350531 | 93351776 | 93352479 | 93352926 |          |

10.000 kr. bréf

|          |          |          |          |          |
|----------|----------|----------|----------|----------|
| 93370123 | 93371943 | 93372264 | 93372371 | 93372911 |
| 93371390 | 93372247 | 93372360 | 93372908 |          |

Yfirlit yfir óinnleyst húsbréf:

|               |                             |                            |          |
|---------------|-----------------------------|----------------------------|----------|
| 10.000 kr.    | (4. útdráttur, 15/10 1995)  | Innlausnarverð 11.352,-    | 93371121 |
| 10.000 kr.    | (22. útdráttur, 15/04 2000) | Innlausnarverð 15.949,-    | 93372229 |
| 10.000 kr.    | (29. útdráttur, 15/01 2002) | Innlausnarverð 19.413,-    | 93371455 |
| 1.000.000 kr. | (31. útdráttur, 15/07 2002) | Innlausnarverð 2.019.035,- | 93321315 |
| 10.000 kr.    | (35. útdráttur, 15/07 2003) | Innlausnarverð 21.581,-    | 93373702 |

Íbúðalánasjóður

10389)

Borgartúni 21 - 105 Reykjavík - Sími 569 6900 - Fax 569 6800

Stefndi gerði í framhaldi þessa uppgjör-syfirlit yfir samning aðila, sbr. dskj. 11 og óskaði eftir lögmannsaðstoð við innheimtu þess. Í uppgjörsyfirlitinu kemur fram að eftirstöðvar skuldar stefnda við stefnanda eru 1.053.047,40 kr. að teknu tilliti til matsverðs hins leigða tækis. Á nefndu uppgjörsyfirliti eru listaðar upp 12 greiðslur sem til samans mynda heildarvanskil stefnda við stefnanda. Flestar þessar greiðslur eru með gjalddaga hinn 1. hvers mánaðar og eru hinir reglubundnu gjalddagar eignarleigusamningsins. Til viðbótar eru gjalddagar vegna þungaskatts, bifreiðagjalda og tryggingariðgjalda, auk þess sem samningurinn er gjaldfelldur hinn 27. maí 2003.

Í samræmi við samning aðila er staðfest matsverð dregið frá þessum heildarvanskilum og dráttarvaxta krafist frá 27. maí 2003, sem var sá dagur þegar stefndi fékk formlegar vörslur tækisins frá stefndu. Hinn 17. júlí 2003 var stefndu sent innheimtubréf vegna þessara eftirstöðva skuldarinnar, sbr. dskj. 12-13, en því hefur ekki verið sinnt og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Jafnframt er málið höfðað til þess að fá stefnda Ágúst dæmdan til þess að greiða ábyrgðarskuld sína að fullu í

samræmi við sjálfskuldarábyrgðaryfirlýsingu sína.

Enginn hefur fundist á skráðu lögheimili stefndu. Komið hafa fram upplýsingar um að stefndi Ágúst Helgi Rúnarsson dvelji erlendis um þessar mundir en ekki er vitað hvar hann er. Því er nauðsynlegt að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

**Lagatilvísanir:** Vísað er til meginreglu kröfuréttarins um efnid fjárskuldbindinga, en regla þessi fær meðal annars lagastoð í 5., 6. og 28. gr. eldri laga um lausafjárkaup nr. 39/1922 og í 45., 46. og 47. gr. núgildandi laga um lausafjárkaup nr. 50/2000. Um gjalddaga kröfunnar og greiðslustað er einkum vísað til meginreglu 12. gr. laga nr. 39/1922 og til 48. og 49. gr. laga nr. 50/2000.

Þá er einnig vísað til meginreglna samninga- og kröfuréttarins um vanefndaúrræði kröfuhafa og til almennra reglna kröfuréttarins um ábyrgð sjálfskuldarábyrgðarmanns. Auk þess er vísað til ítarlegra ákvæða í eignarleigusamningi aðila, sem lagður er fram sem dskj. 3.

Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefndi við III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 og við III. kafla laga um vexti og verðtryggingu

nr. 38/2001, sérstaklega 1. mgr. 6. gr. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málf lutningsþóknun er reist á lögum nr. 50/1988. Stefnandi er ekki virðisauka-skattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefndu. Varðandi varnarþing vísast til 32. gr. laga nr. 91/1991. Um birtingu stefnu í Lögbirtingablaðinu vísast til 1. mgr 89. gr. laga nr. 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Kaupleigusamning nr. 607562-001 útg. 25. maí 2000.
- 4.-5. Innheimtubréf, dags. 19. desember 2002.
6. Símskeyti, aðvörun um riftun, sent 3. janúar 2003.
7. Símskeyti, tilkynningu um riftun, dags. 17. janúar 2003.
8. Vörslutökubeiðni, dags 24. janúar 2003.
9. Yfirlit yfir samning aðila, dags. 1. júlí 2003.
10. Símskeyti, tilkynningu um matsverð, sent 1. júlí 2003.
11. Uppgjörsyfirlit yfir samning aðila, dags. 27. maí 2003.
- 12.-13. Innheimtubréf vegna eftirstöðva samnings, dags. 17. júlí 2003.
14. Lögbirtingablað, þar sem stefnan birtist.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefndu að greiða stefnukröfurnar nú þegar til undirritaðs umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Vesturlands, á dómþingi sem haldið verður í skrifstofu sýslumanns, Borgarbraut 2, Stykkishólmi, hinn 8. október 2003 kl. 13.00, og svara þar til sakar, taka til varna og leggja fram gögn af sinni hálfu. Verði ekki sótt þing af hálfu stefndu og/eða fyrirsvarsmanna stefndu við þingfestingu og fyrirtöku málsins má búast við að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar án frekari fyrirvara gagnvart stefndu með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Akranesi, 21. ágúst 2003.  
F.h. stefnanda,  
**Jón Haukur Hauksson** hdl.

(10807

*Aðilar málsins eru:*

*Stefnandi:* Landsbanki Íslands hf. (0512), kt. 710169-3819, 800 Selfossi.

*Stefndi:* Þorsteinn Mikkael Kristjánsson, kt. 180474-5369, með lögheimili í Noregi, en óþekktan dvalarstað.

*Málflutningsumboð:* Undirritaður lögmaður, Ólafur Björnsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.

*Dómkröfur:* að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 73.204, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af kr. 107.604 frá 30. apríl 2002 til greiðsludags, allt að frádregnum eftirfarandi innborgunum samtals að fjárhæð kr. 34.400, sem sundurliðast á eftirfarandi hátt: þann 4. júlí 2002 að fjárhæð kr. 9.700; þann 20. ágúst 2002 að fjárhæð kr. 9.700 og þann 2. september 2002 að fjárhæð kr. 15.000; og verður þeim ráðstafað til að greiða fyrst áfallinn kostnað og vexti, en að þeim liðum frágengnum gangi þær til lækkunar á höfuðstól kröfunnar. Komi ekki til munnlegs málflutnings í máli þessu er krafist málskostnaðar í samræmi við framlagðan málskostnaðarreikning, þannig að stefnandi komist skaðlaus frá málarekstrinum. Verði málið munnlega flutt þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en

málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur. Auk þess er krafist virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

*Málsatvik og málsástæður:* Krafa stefnanda er byggð á yfirliti yfir tékkareikning

|     |               |                |         |
|-----|---------------|----------------|---------|
| Nr. | Útgáfudagur   | 1. vaxtadagur  | Fjárhæð |
| 1.  | 29. júní 2000 | 30. apríl 2002 | 107.604 |

Stefnandi máls þessa, Landsbanki Íslands hf., býður upp á ýmiss konar bankaþjónustu fyrir einstaklinga og fyrirtæki, en bankinn rekur útibú um land allt. Skuld þessi er komin til vegna ógreiddrar yfirdráttarheimildar, er stefndi átti á tékkareikningi sínum nr. 1804 hjá stefnanda, útibúi nr. 152, Selfossi. Þann 30. apríl 2002 var staðan á umræddum reikningi neikvæð að fjárhæð kr. 107.604 sem er stefnufjárhæð máls þessa. Inn á skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: þann 4. júlí 2002 að fjárhæð kr. 9.700; þann 20. ágúst 2002 að fjárhæð kr. 9.700 og þann 2. september 2002 að fjárhæð kr. 15.000; sem dragast frá skuldinni miðað við stöðu á innborgunardegi og verður þeim ráðstafað til að greiða fyrst áfallinn kostnað og vexti, en að þeim liðum frágengnum gangi þær til lækkunar á höfuðstól kröfunnar. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefndi er skv. upplýsingum þjóðskrár með lögheimili í Noregi, og hefur verið reynt að birta fyrir honum þar, en án árangurs þar sem hann væri fluttur, líklega til Íslands. Dvalarstaður hans er því óþekktur og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaðinu.

Krafa um málskostnað byggir á málskostnaðarreikningi, sem lagður verður fram við þingfestingu máls þessa, sem er í samræmi við vinnu við heimtu framangreindrar aðalkröfu. Um er að ræða fjárhæð sem gerir stefnanda skaðlausan af því að þurfa að standa í málarekstrinum.

*Lagatílvísanir:* Vísað er til meginreglna samningsréttarins um skuldbindingagildi loforða og skyldu til að efna samninga, en reglur þessar fá m.a. stoð í lögum nr. 7/1936. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málf lutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaðinu skv. heimild í a-lið 89. gr. laga númer 91/1991.

*Skjöl og sönnunargögn:* Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum: 1. Yfirlit yfir tékkareikning. 2. Innheimtubréf. 3. Málskostnaðarreikning. 4. Birtingavottorð. 5. Lögbirtingablað.

*Áskorun og viðvörun:* Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Suðurlands, á dómþingi sem haldið verður að Austurvegi 4, Selfossi, þann 1. október 2003, kl. 14.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirsvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnukröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Selfossi, 14. ágúst 2003.  
F.h. stefnanda,  
**Ólafur Björnsson** hrl.

(10817

## Fyrirtækjaskrá

### Samrunatilkynningar

Hlutfélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjöllum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl. *Yfirtökufélag:* Baugsmúli ehf., kt. 460503-4180, Sandholti 24, 355 Ólafsvík.

*Yfirtekið félag:* Glói KE-92 ehf., kt. 480601-2110, Melbraut 7, 250 Garði.

*Uppgjörsdagur:* 15. maí 2003. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirtekna félagsins sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvors samrunafélags fyrir sig.

Reykjavík, 25. ágúst 2003.  
**Ríkisskattstjóri,**  
**hlutfélagaskrá.**

(10819

Hlutfélagaskrá hefur borist samrunaáætlun neðangreindra félaga ásamt fylgiskjöllum, þ.m.t. yfirlýsing matsmanna skv. 4. mgr. 97. gr. ehfl. *Yfirtökufélag:* Steypustöðin ehf., kt. 620269-7439, Malarhöfða 10, 110 Reykjavík.

*Yfirtekin félög:* Steinsteypan ehf., kt. 480794-2149, Berghellu 12, 220 Hafnarfirði.

Steypustöð Suðurlands ehf., kt. 680671-0369, Hrísmýri 8, 800 Selfossi.

Vinnuvélar ehf., kt. 700269-1249, Esjubergi, 116 Kjalarnesi.

*Uppgjörsdagur:* 30. júní 2003. Frá og með þeim degi tekur yfirtökufélagið við öllum eignum og skuldum, réttindum og skyldum yfirteknu félaganna sem telst þá reikningslega lokið.

Félagið mun bera nafn yfirtökufélagsins eftir samrunann og samþykktir þess með þeim breytingum, sem samrunanum fylgja, munu gilda um hið sameinaða félag.

Í síðasta lagi mánuði fyrir hluthafafundi/stjórnarfundi þá, sem endanlega ákveða samruna og halda má í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar um móttöku samrunaáætlunar, skulu skjöl þau er getur í 5. mgr. 99. gr. ehfl. lögð fram hluthöfum til skoðunar eða afhendingar á skrifstofu hvers samrunafélags fyrir sig.

Reykjavík, 26. ágúst 2003.  
**Ríkisskattstjóri,**  
**hlutfélagaskrá.**

(10848

### Nýskráningar

*Félagið heitir:* **Hvítsstaðir ehf.**

Kt.: 470503-3190.

*Heimili og varnarþing:* **Lágmúla 7, 108 Reykjavík.**

*Dagsetning samþykhta er:* 6. maí 2003.

*Stofnendur:* Brynjar Þór Nielsson, kt. 010960-3399, Birkihlíð 14, 105 Reykjavík og Sigurmar Kristján Albertsson, kt. 070546-3969, Fjólugötu 7, 101 Reykjavík.

*Stjórn félagsins skipa skv. fundi þann 6. maí 2003:*

Stjórnarmaður: Sigurmar Kristján Albertsson. Varamaður: Brynjar Þór Nielsson.

*Firmað ritar:* Stjórnarmaður.

*Framkvæmdastjórn:* Sigurmar Kristján Albertsson.

